



Tryggingarskilmálar

# Options líftrygging

Vinsamlegast lestu þessa skilmála og tryggingaráætlun þína vandlega og geymdu hvort tveggja á öruggum stað. Leggja verður skjölin fram, ásamt öllum öðrum skjölum sem hafa áhrif á lagalega eign **tryggingarinnar**, ef krafa eða breyting er gerð.

Tilvísun í bækling GP24

## Yfirlit

### Um líftrygginguna þína

**Líftrygging** þín er lagalegur samningur á milli þín/ tryggingartaka og Friends Provident International. Friends Provident International er viðskiptaheiti Friends Life Limited fyrir þau viðskipti sem fyrirtækið stundar utan Bretlands. Tryggingin tryggir gegn atburðum sem eiga sér stað af tilviljun eða slysn. **Tryggingin** þín tryggir ekki gegn atburðum sem þú eða **annar líftryggður** koma í verk af ásetningu. Vinsamlegast lestu vandlega yfir **tryggingarskilmálana** og **tryggingarskírteinið**. Þú skalt geyma þessi skjöl á vísun stað þar sem þeirra verður þörf ef leggja á fram kröfu skv. **tryggingu** þinni.

## 1 Greiðsla á iðgjöldum

- 1.1 Iðgjöld skal greiða samkvæmt því sem fram kemur í tryggingarskírteini þínu.
- 1.2 Árleg iðgjöld verður að greiða á þeim **degi sem trygging tekur gildi** og á hverjum endurnýjunar degi eftir það.
- 1.3 Mánaðarleg iðgjöld skal greiða á mánaðar fresti. Skal greiðsla hefjast skv. **dagsetningu gildistöku** og skal greiðslan fara fram með kreditkorti.
- 1.4 Leyfilegt er að fresta greiðslu iðgjalda í einn mánuð.

## 2 Falli greiðsla iðgjalda niður

- 2.1 Ef iðgjald er ekki greitt eins og sett er fram í skilmála 1 þá er **tryggingin** áfram í gildi í 14 daga eftir að mánuður er liðinn („gildistímabilið“). Ef iðgjöld eru ekki greidd, tekur tryggingin enda án greiðslu.
- 2.2 Ef **tryggingin** endaði af þessari ástæðu áður en ár er liðið frá því að **tryggingin** tekur gildi, er hægt að taka trygginguna aftur upp hvenær sem er innan eins árs eftir að fyrsta greiðsla iðgjalds féll niður, ef eftirfarandi gögnum er skilað:
  - Yfirlýsingu varðandi heilufar og tryggingarhæfi fyrir hinn **líftryggða** og upplýsingar um alla aðra þætti sem hafa áhrif á áhættu sem Friends Provident International samþykkir, og
  - greiðsla allra ógreiddra iðgjalda
- 2.3 Ef **tryggingunni** lauk vegna þessa eftir að ár var liðið frá gildistöku **tryggingarinnar**:
  - 2.3.1 Þá er hægt að taka trygginguna upp aftur innan þriggja mánaða frá því að „gildistíma“ lauk, svo lengi sem öll iðgjöld hafa verið greidd
  - 2.3.2 Þá er hægt að taka **trygginguna** upp utan hins 3 mánaða tímabils sem lýst er í 2.3.1 hvenær sem er innan eins árs eftir að fyrsta greiðsla iðgjalds féll niður, ef eftirfarandi er framkvæmt:
    - Yfirlýsingu varðandi heilufar og tryggingarhæfi fyrir hinn **líftryggða** og upplýsingar um alla aðra þætti sem hafa áhrif á áhættu sem Friends Provident International samþykkir; og
    - greiðir öll ógreidd iðgjöld.
- 2.4 Í öllum tilvikum hér að ofan þar sem endurupptaka tryggingar á sér stað, mun **dagsetning áhættu** vera á þeim degi þegar endurupptaka fór fram.

- 2.5 Ef við ákveðum bjóða trygginguna með öðrum skilmálum en þeim sem upphaflega voru settir fram, sem getur falið í sér hækkun á **iðgjöldum**, eða aukagjald fyrir endurupptöku tryggingarinnar þurfum við að fá undirritað samþykki tryggingartaka á þessum nýju skilmálum áður en endurupptaka tryggingar fer fram.

### 3 Líftrygging

- 3.1 **Líftryggingin** er sú vátryggingarfjárhæð er fram kemur í tryggingarskírteininu.
- 3.2 Ef greiðsla fer fram af hendi Friends Provident International samkvæmt skilmálum **tryggingarinnar**, mun **tryggingin** taka enda og samningurinn verður ekki lengur í gildi.

### 4 Bætur vegna ólæknandi sjúkdóms

Þessar bætur eiga við ef gildistími **tryggingarinnar** eru þrjú ár eða fleiri.

#### 4.1 Bætur

Samkvæmt skilmálum 4.2 hér að neðan og ef í ljós kemur að eftir upphafsdag **áhættu** að hinn **líftryggði** er greindur með **ólæknandi sjúkdóm**, og ef þetta á sér stað að minnsta kosti 18 mánuðum áður en **tryggingin rennur út**, skal **vátryggingarfjárhæðin** greidd út sé þess óskað og **tryggingin** tekur þá enda.

#### 4.2 Kröfur og tilkynningar

Hægt er að greiða út kröfu skv. þessari bótareglu/tryggingu svo framarlega sem eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- 4.2.1 **Tryggingartaki** tilkynnir okkur innan þriggja mánaða um greiningu á **ólæknandi sjúkdómi**, eða innan lengra tímabils ef **við** samþykkjum að eðli **sjúkdóms** komi í veg fyrir að **hinn líftryggði** geti sent inn tilkynningu;

- 4.2.2 **Við** greiðum einungis út bætur ef við fáum upplýsingar og sannanir sem eru fullnægjandi fyrir Friends Provident International. Þetta innifelur útfyllt kröfueyðublað og getur einnig falið í sér gögn sem fengist hafa við skoðun á hinum **líftryggða** af lækni sem er til þess kallaður og/eða með því að við skoðum sjúkraskýrslur hins **líftryggða**.

### 5 Undantekningar

Ef hinn **líftryggði** fremur sjálfsmorð (með fullu viti eður ei) innan eins árs frá áhættudagsetningu, eru engar bætur greiddar og það skulu ekki endurgreidd nein iðgjöld sem hafa þegar verið greidd.

### 6 Verðgildi samnings

Þessi **trygging** kemur ekki til með að öðlast neitt verðgildi.

### 7 Greiðsla krafna og samþykki leiðbeininga

- 7.1 Við þurfum ekki að greiða neitt samkvæmt **tryggingunni** þangað til að við hefur fengið í hendur **tryggingarskírteini** og sönnun sem við samþykkjum og sannar að:
- 7.1.1 sá atburður sem skapar kröfu hefur í raun og veru átt sér stað;
- 7.1.2 sá aðili sem krefst greiðslu eigi í raun rétt á henni; og
- 7.1.3 hinn uppgefni fæðingardagur hins **líftryggða** sé réttur; auk þess sem skoðun á sjúkraskýrslum hins **líftryggða** þar sem við á, hefur átt sér stað og safnað hefur verið frekari gögnum og upplýsingum, ef einhverjar eru, samkvæmt því sem við teljum nauðsynlegt.
- 7.2 Ef krafa skal greidd samkvæmt **tryggingunni** og greiðsla bóta er af einhverjum ástæðum ekki framkvæmd innan tveggja mánaða frá tilkynningu, skulu vextir bætast við þá bótafjárhæð sem greiða skal.

7.3 **Vátrygginarfjárhæðin** skal vera greidd til **greiðsluþega** ef slíkur aðili hefur verið tilnefndur eða beint til **tryggingartaka**, til lagalegra fulltrúa tryggingartaka eða til sérhvers þess sem **tryggingunni** hefur réttilega verið beint til.

7.4 Allar sjúkdómsgreiningar og læknisfræðileg álit verða að vera framkvæmd af lækni sem:

- hefur tilskilin réttindi og
- hefur verið samþykktur af yfirlækni Friends Provident International.

## 8 Lög sem eiga við um trygginguna þína

8.1 **Við** birtum hvaða lög eiga við um **tryggingu** þína í **tryggingarskírteininu**.

8.2 Þessu **tryggingarskírteini** er ætlað að taka gildi sem verknaður samkvæmt markmiðum kafla 36A(5) í fyrirtækjalögum 1985 sem gilda í lögum Englands og Wales.

## 9 Tilnefning

Sendu skal allar tilkynningar um tilnefningar tryggingar til **skrifstofu** okkar í **Salisbury**. Ekki er hægt að tilnefna einhverjum **tryggingu** af aðila sem er undir 18 ára aldri og Friends Provident International ber ekki nein skylda til að taka mark á neinni tilnefningu sem kemur frá aðila sem er yngri en 18 ára.

## 10 Skipun þriðja aðila sem greiðsluþega

10.1 Hægt er að skípa annan aðila, sem tryggingafélagið vísar til sem „þriðja aðila“, sem **greiðsluþega** hvenær sem er fyrir lát hins **líftryggða**.

10.2 Tryggingafélagið getur einungis samþykkt skipunina ef hún er skrifleg og tryggingarfélaginu hefur borist hún á skráða umboðsskrifstofu.

10.3 Nema sérstaklega sé tekið fram að skipun greiðsluþega sé óafturkallanleg, má breyta um greiðsluþega hvenær sem er svo framarlega sem skilmálar í grein 10.2 að ofan eru uppfylltir. Öll slík síðari tíma skipun greiðsluþega sem gild er, afturkallar allar fyrri skipanir.

10.4 Nema sérstaklega sé tekið fram að skipunin sé óafturkallanleg, er hægt að endurkalla skipun **greiðsluþega** hvenær sem er fyrir dánardægur hins **líftryggða** og svo lengi sem skilmálar í grein 10.2 að ofan eru uppfylltir.

10.5 Þegar **tryggingin** er í nafni tveggja eða fleiri aðila verður skipun nýs **greiðsluþega** eða eyðublað afturköllunar að vera undirritað af öllum **tryggingartökum**, annars er skipunin ekki tekin gild.

10.6 Nema sérstaklega sé tekið fram að skipun þriðja aðila sem **greiðsluþega** sé óafturkallanleg, mun slík skipun ekki hafa áhrif á möguleika tryggingarhafa til að tileinka, gefa upp, eða að öðru leyti ráðstafa **tryggingunni** fyrir dánardægur hins **líftryggða**.

10.7 Nema sérstaklega sé tekið fram að skipunin sé óafturkallanleg, skal dauði staks **tryggingartaka** eða dauði þess sem lífað hefur lengst af mörgum **tryggingartökum**, þar sem það dauðsfall felur ekki einnig í sér dauðsfall hins **líftryggða**, skal slíkt afturkalla allar skipanir á þriðja aðila sem **greiðsluþega**.

10.8 Án þess að það hafi áhrif á rétt **tryggingartaka** til að afturkalla skipun **greiðsluþega**, felur dauðsfall **greiðsluþega** ef það á sér stað áður en dauðsfall hins **líftryggða** ekki í sjálfu sér afturköllun skipunar greiðsluþega né heldur hefur það áhrif á rétt erfingja **greiðsluþega** til dánarbóta.

10.9 Nema sérstaklega sé tekið fram að skipun greiðsluþega sé óafturkallanleg, skal ekki þurfa samþykki **greiðsluþega** eða annars þriðja aðila fyrir hugsanlegum breytingum eða ógildingum sem tryggingartaki vill framkvæma á **tryggingunni** eða fyrir nýrri skipan **greiðsluþega** eða fyrir öðrum afturköllunum með hvaða hætti sem þær kunna að eiga sér stað á skipan **greiðsluþega**.

10.10 Þar sem skipun greiðsluþega er skráð sem óafturkallanleg skal **tryggingartaki** ekki hafa rétt til að afturkalla, breyta eða endurskoða skipun, uppgjöf, eða tileinkun, eða ráðstafa á annan hátt eignum **tryggingarinnar** án fyrri skriflegs samþykkis **greiðsluþega**.

- 10.11 Þegar greiða skal bætur til **greiðsluþega** samkvæmt þessari **tryggingu**, skal kvittun fyrir móttöku bóta af hálfu **greiðsluþega** firra tryggingafélagið allri frekari skaðabótaábyrgð í tengslum við tryggingu þessa. Ef um er að ræða **greiðsluþega** sem er ekki lögráða vegna aldurs samkvæmt þeim lögum sem gilda í búsetulandi hans, getur tryggingafélagið greitt bæturnar til foreldra hans/hennar eða lagalegs forsjáraðila án þess að tryggingafélaginu sé skylt að spyrjast frekar fyrir um hagi greiðsluþega og kvittun af hálfu slíks foreldris eða forsjáraðila skal firra tryggingafélagið allri frekari bótaábyrgð sem tengist tryggingu þessari.

## 11 Breyttar kringumstæður

Tryggingafélagið getur breytt skilmálum **tryggingarinnar** til að mæta breytingum á skattheimtu, tryggingum eða breytingum sem verða á öðrum lögum sem hafa áhrif á skyldur tryggingafélaga skv. tryggingu þessari.

## 12 Réttur annarra aðila

- 12.1 Friends Provident International og **tryggingartaki** eru hlutaðeigandi aðilar að þessari **tryggingu**.
- 12.2 Nema sérstaklega sé tekið fram í **tryggingunni** (þar með talin öll staðfesting á **tryggingunni**) þá er tryggingu þessari ekki ætlað að þjóna hagsmunum neinna annarra, né heldur er ætlunin að annar aðili hafi nein bein eða óbein réttindi skv. samningi þessum, annar heldur en þeir aðilar sem eru beinlínis hlutaðeigandi aðilar að þessum samningi.

## 13 Almennt

- 13.1 Tryggingartaki skal senda allar leiðbeiningar, tilkynningar eða beiðnir til **skrifstofu** okkar í **Salisbury**, og láta fylgja með öll skjöl, upplýsingar og samninga sem við komum til með að þurfa á að halda.
- 13.2 Þar sem samhengið leyfir, skulu orð í eintölu fela í sér fleirtölu, karlkynsending skal fela í sér kvenkynsendingu og öfugt.
- 13.3 Áður en við getum greitt kröfu verðum við að fá sönnun á því að fæðingardagur hins **líftryggða** sem uppgefinn er í umsókninni sé réttur.

- 13.4 Ef í ljós kemur að hinn **líftryggði** var fæddur fyrr en uppgefinn fæðingardagur gefur til kynna, munum við endurreikna bæturnar samkvæmt **tryggingunni** þannig að þær endurspegli þær bætur sem hefðu verið í boði hefðum við vitað um réttan aldur hins líftryggða frá upphafi. Ef við hefðum ekki boðið upp á líftryggingarskilmála skv. hinum nýju gögnum, munum við afturkalla **trygginguna** og greiða til baka öll greidd **iðgjöld** án vaxta.
- 13.5 Ef í ljós kemur að hinn **líftryggði** var fæddur seinna en uppgefinn fæðingardagur gaf upplýsingar um, munum við reikna út hver **iðgjöldin** hefðu verið ef **okkur** hefði verið kunnugt um réttan aldur alveg frá upphafi gildistöku **tryggingarinnar**. Við munum síðan endurgreiða öll ofgreidd iðgjöld með vöxtum. Upphæð vaxta mun fara eftir þeirri vaxtaþrósetu sem er í notkun hjá okkur á hverjum tíma. Við greiðum hins vegar ekki vexti ef greiðslan fer undir lágmarksviðmiðanir. Nánari upplýsingar um núverandi vaxtaþrósetur okkar og lágmarksgreiðslur eru fáanlegar skv. beiðni. Ef við borgum vexti, drögum við frá tekjuskatt eins og lög krefjast.

## 14 Afturköllun tryggingar

- 14.1 **Tryggingartaki** getur tilkynnt Friends Provident International um afturköllun og lok **tryggingarinnar** hvenær sem er.
- 14.2 Þegar tryggingartaki hefur valið að greiða iðgjöld mánaðarlega verður afturköllunin virk frá endurnýjunardagsetningu næsta mánaðar.
- 14.3 Ef tryggingartaki hefur valið að greiða iðgjöld árlega mun afturköllunin taka gildi frá enda þess ársfjórðungs **tryggingarinnar** þegar beiðni um afturköllun og endalok tryggingar var lögð fram. Um leið og afturköllun fer fram, mun hlutfallsleg endurgreiðsla eiga sér stað og byggir hún á ónýttum hluta iðgjaldanna (fer eftir lágmarksgreiðslu Friends Provident International á þeim tíma).

## 15 Skilgreiningar

Almennar skilgreiningar eru notaðar í þessu skjali. Ýmis hugtök notuð í þessu skjali eru **feitletruð**, og eru skilgreiningar á þeim hér að neðan.

### Gildisdagssetning

Þetta er sú dagsetning þegar **tryggingin** tekur gildi og sem birt er í **tryggingarskírteininu**.

### Fyrningardagsetning

Þetta er síðasta dagsetning þegar **tryggingu** þinni getur lokið.

### Það líf sem tryggt er

Þetta er sá aðili er fram er í **tryggingarskírteini** og er sá sem er líftryggður samkvæmt tryggingavernd þessarar **tryggingar**.

### Vátryggingarfjárhæð

Þetta er hin **tryggða fjárhæð** sem við greiðum ef hinn **líftryggði** deyr á samningstímanum.

### Okkur

Friends Provident International.

### Greiðsluþegi

Síðasti aðili eða aðilar, ef einhverjir eru, skipaðir af tryggingartaka fyrir dánardag hins **líftryggða** sem eiga að fá greidda **vátryggingarupphæðina**. Ef tryggingartaki hefur ekki skipað **greiðsluþega** eða ef skipun hefur verið afturkölluð án þess að nýr **greiðsluþegi** hafi verið skipaður fyrir dánardag hins **líftryggða**, þá er **greiðsluþegi** skilgreindur sem tryggingartaki eða löglegir fulltrúar hans. Ef skipun **greiðsluþega** er skilgreind sem óafturkallanleg, er ekki hægt að afturkalla eða breyta skipun greiðsluþega án fyrirfram skriflegs samþykkis **greiðsluþega**.

### Trygging

Hinn lagalegi samningur sem er skilgreindur í **tryggingarskírteini** tryggingartaka og þessum **tryggingarskilmálum**.

### Tryggingarskilmálar

Almenn skilyrði og skilmálar sem tilgreindir eru í skjali þessu.

### Tryggingartaki

Þetta er eigandi eða eigendur þessarar **tryggingar**. **Tryggingartaki** er frá upphafi sá sami og sá umsækjandi sem tilgreindur er í **tryggingarskírteini**.

### Tryggingarskírteini

Það skjal sem setur fram þá **tryggingarskilmála** sem gilda um þig persónulega og sem skilgreinir þá vátryggingarfjárhæð sem í boði er, hvað hún kostar og hve lengi hún varir.

### Iðgjald

Upphæðin sem **við** birtum í **tryggingarskírteininu** sem **tryggingartaki** verður að greiða **okkur** allan þann tíma sem tryggingin er í gildi.

### Dagsetningar endurnýjunar

Dagsetning sú sem **við** birtum í **tryggingarskírteini** og sem eru nauðsynlegar greiðsludagsetningar **iðgjalda**.

### Dagsetning áhættu

Dagsetning sú sem **við** birtum í **tryggingarskírteini** sýnir hvenær tryggingavernd þín og bótatímabil hefjast í raun og veru.

### Salisbury skrifstofan

Friends Provident International  
UK House  
72–122 Castle Street  
Salisbury  
SP1 3SH  
United Kingdom

### Fjárhæð tryggingar

Sú upphæð reiðufjár sem við birtum í **tryggingarskírteini** þínu og við greiðum þegar:

- hinn **líftryggði** lætur lífið eftir **dagsetningu áhættu** og fyrir **fyrningardagsetningu**; eða
- við sjúkdómsgreiningu hins **líftryggða** sem segir að hann/hún sé með **ólæknandi sjúkdóm** sem komið hafi fram eftir **dagsetningu áhættu** og a.m.k. 18 mánuðum fyrir **fyrningardagsetningu**; og sem fellur undir skilmála og skilyrði **tryggingarinnar**

Ólæknandi sjúkdómur skal merkja langt genginn eða hratt versnandi ólæknandi sjúkdóm þar sem, sameiginlegt álit ráðgefandi lækis og yfirlækis Friends Provident International, er að lífslíkur sjúklings séu ekki lengri en 12 mánuðir.

### Við

Friends Provident International.

### Tryggingafélagið

Friends Provident International.

### Þú, Þitt

Tryggingartaki.



Friends Provident International er viðskiptaheiti Friends Life Limited  
fyrir þau viðskipti sem fyrirtækið stundar utan Bretlands

Skrásett skrifstofa: Pixham End, Dorking, Surrey RH4 1QA England  
Hlutafélag með dreifða ábyrgð í hlutabréfum og skráð í England og Wales, númer 4096141  
Leyfisveitingar og eftirlit í Bretlandi annast breska Fjármálaeftirlitið (Financial Services Authority)  
Fyrirtækið er meðlimur í The Association of International Life Offices

Salisbury skrifstofa: United Kingdom House, Castle Street, Salisbury, Wiltshire SP1 3SH England  
Simi +44(0) 1722 326785 Fax +44(0) 1722 332005  
Netfang: [fp.int@friendsprovident.com](mailto:fp.int@friendsprovident.com) Vefsíða: [www.fpinternational.com/is](http://www.fpinternational.com/is)

